



Fundargerð

205. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 13. apríl 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Sigvaldi Ragnarsson varamaður, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnar Jónsson

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:10.

Skúli Björnsson varaformaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

- a) Fram lögð tillaga frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands um breytingar á Samþykkt um fráveitur í þéttbýlisstöðum Fljótsdalshéraðs sem öðlaðist gildi 23. febrúar 2005.

Stjórn HEF leggur til að eftirfarandi texti bætist við 9. grein í samþykktunum:

Til að tryggja að hvorki berist olía eða fita í fráveitukerfi sveitarfélagsins er fyrirtækjum og stofnunum þar sem unnið er með olíur og fitu skylt að hafa olíu- og/eða fituskiljur á fráveituvatni frá eldhúsum eða vinnslusólum áður en fráveitan er leidd inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins. Þetta gildir jafnt um verkstæði, bensínstöðvar, matvælafyrirtæki, stóreldhús og veitingastaði. Við val á skiljum skal farið eftir viðeigandi stöðlum og skv. leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits.

Miða skal við að fráveita frá olíu- og fituskiljum innihaldi ekki meira en 100 mg af olíu og fitu per líter og að fráveita frá fituskiljum innihaldi að hámarki 1000 mg/l O₂ af COD og 500 mg/l af svifögnum.

Tillögunni vísað til sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Samþykkt samhljóða.

- b) Lagt fram á fundinum minnisblað dags. 12.04.2016, frá Verkís vegna ofanvatnskerfi endurbætur.

Tekið til umræðu á næsta fundi.



2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Lögð fram opnunarfundargerð. Endurnýjun lagna Lagarbraut, dags. 08.04.2016. Þrjú tilboðbárust frá Austurverki ehf., Jónsmönnum ehf. og Þ.S. verktökum ehf.. Lægsta tilboð kom frá Jónsmönnum og var 4% yfir kostnaðaráætlun sem var 3.276.000 kr. Samþykkt samhljóða að semja við lægstbjóðanda.
- Lögð fram hönnunargögn um stofnlögn hitaveitu miðbær – jarðvinna og lagnir. Fer í verðkönnun á næstu dögum.
- Lögð fram hönnunargögn um endurnýjun á stofnlögn Urriðavatn vegamót Barra. Fer í almennt útboð í byrjun maí.
- Búið er að skipta út iðntölvum, með viðhaldskerfi, við Urriðavatn.

3. Önnur mál

- a) Skógarorka, málin rædd og þá sér í lagi hráefnisöflun. Uppi eru áhyggjur um hráefnisskort.
- b) Næsti fundur 27. apríl 2016 kl. 12:00.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:51.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.